



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi

Erindi nr. P 127/1591

komudagur 3.4.2002

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.03.2002

Tilv. 90.13

JS/sv

## Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um líftækniíðnað, 548. mál, 127. löggjafarþing

Vísað er í bréf Iðnaðarnefndar dagsett 21. mars 2002 varðandi umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp.

Hafrannsóknastofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp það er hér er lagt fram.

1. Vakin er athygli á misræmi milli texta í II kafla 5. gr., en þar segir í síðustu línu " tvisvar sinnum um allt að þrjú ár í senn" og þess sem segir síðar í athugasemdum við þessa grein (bls. 8, 3. neðsta lína) "framlengja þau tvisvar sinnum í tvö ár í senn".
2. Ljóst er að framlagt frumvarp nær til erfðaaauðlinda í sjó, enda segir í 4. gr. að leita skuli álits Hafrannsóknastofnunarinnar áður en sýni er tekið úr hafinu. Spurning er hvort álits skuli einnig leitað vegna nýtingar, en slíkt væri einungis nauðsynlegt ef í nýtingu fælist brottnám umtalsverðs magns lífvera.
3. Í frumvarpsdrögum er ekki getið aðkomu sjávarútvegsráðherra að þessum málum. Álitamál er hvort aðkoma sjávarútvegsráðuneytis sé hæfileg með 4. gr. þar sem getið er um þátt Hafrannsóknastofnunarinnar.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

---

**Heimilisfang:**

Skúlagötu 4  
Pósthólf 1390  
121 Reykjavík

**Sími:**

552-0240

**Póstfax:**

562-3790

**Heimasíða:**

<http://www.hafro.is/>  
[hafro/sjalf.html](http://hafro/sjalf.html)

**Tölvupóstfang:**

[librarian@hafro.is](mailto:librarian@hafro.is)

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1693  
komudagur 8.4.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
Heiti	Alm.
Ástæða	
Dagsetning	8.4.2002
Staða	

Reykjavík 7. apríl 2002  
2002030045/016-1

### Frumvarp til laga um líftækniíðnað, 548. mál

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 21. mars sl. þar sem óskað er eftir álit á frumvarpi til laga um líftækniíðnað, 548. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur brýnt að sett verði heildarlöggjöf um vernd og hagnýtingu lífrænna verðmæta á grundvelli Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni. Það frumvarp sem hér er til meðferðar nær þó aðeins til hluta þess máls eins og fram kemur í athugasemdum við það á bls. 5. Þar segir að frumvarpið sé annað tveggja samstæðra frumvarpa um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru og að umhverfisráðherra sé að undirbúa hitt frumvarpið, sem fjalli um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt sé að gæta við nýtingu erfðaauðlindanna. Með hliðsjón af þessu og 15. og 16. gr. Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að Alþingi fjalli um þessi frumvörp samtímis og að þau taki gildi á sama tíma. Stofnunin mælir því ekki með samþykkt þessa frumvarps fyrr en frumvarp umhverfisráðherra er fram komið og tækifæri hefur gefist til að fjalla um þau saman. Eftir því sem stofnunin kemst næst er frumvarp umhverfisráðherra fullfrágengið og ekkert því til fyrirstöðu að leggja það fram á Alþingi.

Hér verður ekki fjallað um einstakar greinar þessa frumvarps, en ástæða þykir þó til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Í 1. gr. frumvarpsins segir að lögin skuli ekki taka til "almennra náttúrufræðilegra rannsókna", en þetta hugtak er hvergi skilgreint nánar. Þetta hugtak, "almennar náttúrufræðilegar rannsóknir" kemur aftur fyrir í 4. gr. frumvarpsins, 2. mgr., en þar er sagt að hverskonar rannsóknir á örverum á jarðhitasvæðum aðrar en þessar "almennu" skuli háðar leyfi iðnaðarráðherra. Náttúrufræðistofnun telur brýnt að þetta hugtak verð skilgreint betur til að koma í veg fyrir óvissu þeirra sem stunda rannsóknir.



2. Í 4. mgr. 4. gr. segir að leita skuli álits umhverfisráðherra áður en rannsókn- og nýtingarleyfi eru veitt. Ennfremur að leita skuli álits Hafrannsóknastofnunarinnar áður en leyfi eru veitt fyrir töku sýna úr hafinu. Þegar þessi texti er lesinn er ekki ljóst hvort leita skuli eftir áliti umhverfisráðherra þegar erfðaeftnið sem unnið er með á uppruna sinn í hafinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ævinlega að leita eftir áliti umhverfisráðherra og viðkomandi stofnana sem til hans heyra áður en leyfi eru veitt hvort sem um er að ræða haf eða land. Stofnunin telur eðlilegt að leitað sé til Hafrannsóknastofnunarinnar þegar um er að ræða nytjalífverur sjávar, en með sama hætti ætti að leita álits Náttúrufræðistofnunar, en stofnunin hefur það meginhlutverk að kanna hvaða lífverur eru á Íslandi, bæði til lands og sjávar, og skrá útbreiðslu þeirra og breytileika.

3. Náttúrufræðistofnun fer nú með eftirlit með rannsóknum og nýtingu á örverum sem uppruna eiga á jarðhitasvæðum skv. 34. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og reglugerð um sama efni. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að þessi grein verði felld brott og allt eftirlit fært til iðnaðarráðherra skv. 10. gr. frumvarpsins. Hafa verður í huga að verið er að fjalla um allar þær miklu líffræðilegu auðlindir, sem faldar eru í lífríki landsins, jafnt plöntum sem dýrum. Náttúrufræðistofnun er eina stofnunin sem hefur sýn á tilvist og útbreiðslu þessara auðlinda, en þekking um útbreiðslu þeirra og umfang er forsenda fyrir skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu. Á meðan fyrirnefnt frumvarp umhverfisráðherra um vernd lífrænna auðlinda er ekki fram komið telur Náttúrufræðistofnun óráðlegt að samþykkja þessa breytingu á eftirlitinu.

Loks skal ítrekað að Náttúrufræðistofnun telur brýnt að sett verði heildstæð löggjöf um vernd og nýtingu erfðaauðlinda á grundvelli Ríðsammingsins um líffræðilega fjölbreytni til að gæta hagsmuna Íslands á þessu sviði. Stofnunin er einnig sammála því að þetta megi gera með tvennum lögum, öðrum sem nái til stjórnsýslu á sviði líftækni og heyri til iðnaðarráðherra og hinum sem taki til verndarþáttarins og heyri til umhverfisráðherra. En stofnunin telur að það gangi ekki nema fjallað sé um þessi fyrirhuguðu lög samtímis til að gæta samræmis og tryggja að þau nái til allra nauðsynlegra þátta málsins.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri





Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

9. apríl 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis óskaði með bréfi dags. 21. mars 2002 eftir álit ORF Líftækni ehf. á frumvarpi til laga um líftækniíðnað. Eftirfarandi er álit félagsins á frumvarpinu.

### **Inngangur**

Við lestur frumvarpsins og athugasemdir sem fylgja því er alls ekki ljóst hver markmið laganna eru né að þau þjóni þeim markmiðum. Skýringu vantar á því hvaða hagsmunum er verið að sinna með frumvarpinu, fyrir hvern og hvernig þeim hagsmunum skal náð fram. Af lestri frumvarpsins má ráða að hagsmunum þeim, sem frumvarpinu er ætlað að sinna séu tvenns konar:

- Að koma í veg fyrir eftirlitslausar rannsóknir og hagnýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum
- Að tryggja að opinberir aðilar (Iðnaðarráðuneytið) gæti hagsmuna líftækniíðnaðarins á innlendum og erlendum vettvangi.

### **Aðgangur að líffræðilegum erfðaauðlindum**

Megintilgangur frumvarpsins virðist vera að koma í veg fyrir eftirlitslausar rannsóknir og hagnýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum og tryggja heimalandi þeirra (Íslandi) þau verðmæti sem í þeim fellst. Hagsmunaaðilar hér eru íslenska þjóðin, íslenskir "eigendur" erfðaauðlinda og íslensk líftækni fyrirtæki.

Frá sjónarhóli ORF Líftækni er ekki skynsamlegt að setja skilyrði um rannsóknaleyfi, m.a. vegna þess að ómögulegt er að greina á milli grunnrannsókna og rannsókna í hagnýtingarskyni. Einnig er líklegt að umsóknir um rannsóknaleyfi verði fyrst og fremst íþyngjandi fyrir íslenska aðila. Vilji opinberir aðilar fylgjast með rannsóknum á líffræðilegum erfðaauðlindum hér á landi má hugsa sér að setja í lögin ákvæði um tilkynningarskyldu, þar sem hver aðili þarf einungis að tilkynna í eitt skipti fyrir öll að hann hyggist stunda rannsóknir á líffræðilegum erfðaauðlindum hér á landi. Með þessu móti verður til listi yfir alla þá, sem stunda slíkar rannsóknir hér á landi.

Frumvarpið virðist tryggja allvel að aðilar sem stunda hagnýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum hér á landi verði skráðir og einnig verði til nokkrar upplýsingar um það hvaða líffræðilegar erfðaauðlindir þeir rannsaka og/eða hagnýta. Hins vegar er ekki ljóst í frumvarpinu hversu nánar upplýsingar leyfishafi skal veita Iðnaðarráðuneytinu né nein ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga (iðnaðarleyndarmál) af hálfu ráðuneytisins.

Betur þarf að skilgreina hvað átt er við með hagnýtingu líffræðilegra erfðaaúðlinda. Að mati fyrirtækisins ætti þetta að merkja sölu á genum eða öðru erfðaeefni úr íslenskum lífverum en ekki aðra líftæknilega hagnýtingu á lífverum eða hlutum þeirra.

### Hagsmunagæsla fyrir líftækniðnaðinn

Annað yfirlýst markmið frumvarpsins (skv. athugasemdum við það) er að tryggja að opinberir aðilar (Iðnaðarráðuneytið) gæti hagsmuna líftækniðnaðarins á innlendum og erlendum vettvangi.

Hér þarf að gæta betur að því hvað er átt við með orðinu “líftækniðnaður”. Líftækni er fræðigreinin / tækni, sem notuð er í mörgum núverandi greina atvinnulífsins, s.s. sjávarútvegi, landbúnaði, lyfjaframleiðslu ásamt ýmsum greinum iðnaðar. Líftækni er að þessu leyti eins og t.d. efnafræði eða verkfræði, þ.e. er nauðsynleg í mörgum atvinnugreinum. Það að setja “líftækniðnaðinn” undir eitt ráðuneyti væri að vissu leyti eins og að setja allar efnagreiningar og ferla þar sem efnafræði kemur við sögu undir eitt ráðuneyti. Auk þess á líftækni á ekki bara við um leit og greiningu á erfðaeefni heldur einnig um framleiðslu lífefna með tilstyrk líftækninnar, sem og notkunn þessarar lífefna. Löggin taka ekki til lífsýna úr vefjum manna og erfðaeefni úr mönnum er undanskilið í skilgreiningu á “líffræðilegri erfðaaúðlind. mannsins er undanskilið í frumvarpinu. Hvernig ber að taka á því tilviki ef gen úr manni verður sett í aðra lífveru til að framleiða lyf fyrir fólk? Hér er dæmi um óljós skil á því til hvaða atvinnustarfsemi lögin eiga að ná til.

Hagsmunagæsla opinberra aðila fyrir atvinnuvegina er a.m.k. tvenns konar:

- Setning laga og reglna fyrir atvinnugreinarnar og eftirfylgni þeirra, fyrst og fremst hér á landi en einnig á erlendum vettvangi. Auk þess almenn hagsmunagæsla hér lendis og erlendis.
- Stuðningur við menntun, rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Undirritaður leggur til að betur verði skýrt í lögnum með hvaða hætti hagsmunum líftækniyfirtækja skuli sinnt m.a. með að:

- Tiltaka betur hvað átt er við með hugtakinu líftækniðnaður og skilgreina umboð og skyldu Iðnaðarráðuneytisins til að vinna að hagsmunum greinarinnar. Þar með ætti að tilgreina tekjuramma fyrir ráðuneytið til að sinna þessu hlutverki. Líftækniyfirtækjum er ekki til hagsbóta að fá yfir sig lög, nema að þau feli í sér skyldu opinberra aðila til stuðnings við atvinnugreinina en ekki ef einungis um er að ræða íþyngjandi lagabákn og stofnanafargan.
- Taka skýrt fram í lögnum að opinberar stofnanir, sem nú vinna að menntun, rannsóknnum, þróun, og nýsköpun og heyra ekki undir Iðnaðarráðuneytið, skulu fá opinberan stuðning til þessarar starfsemi hér eftir sem hingað til. Sem dæmi má nefna að ORF Líftækni ehf. hefur mesta þörf fyrir faglegan stuðning frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins eins og sakir standa og sér fyrir sér að í framtíðinni muni félagið sækjast eftir samstarfi við ýmsar opinberar rannsóknastofnanir, sem ekki heyra undir Iðnaðarráðuneytið.

### Lokaorð


Svo virðist, sem aðalinntak frumvarpsins sé eftirlit með rannsóknum og hagnýtingu á líffræðilegum erfðaauðlindum landsins. Síðan virðist eins og rétt hafi verið talið að bæta því við Iðnaðarráðuneytið yfirtaki stjórnsýsluleg umráð yfir því sem nefnt er líftækniíðnaður án þess að sá hluti laganna hafi verið útfærður nánar.

Ef ekki kemur til nánari útfærsla og skilgreiningar á stjórnsýslulegum umráðum Iðnaðarráðuneytisins ásamt skyldu þess um stuðning við líftækniyrirtækin, án þess að það komi niður á stuðningi stofnana utan Iðnaðarráðuneytisins, þá leggur ORF Líftækni til að sá hluti laganna verði felldur úr frumvarpinu. Í þessu tilfalli væri réttnefni laganna:

Lög um aðgang að líffræðilegum erfðaauðlindum.

Hins vegar er þörf á því að opinber hagsmunagæsla við líftækniyrirtæki landsins verði efld. Lög um slíkt verða að taka tillit til þess að líftækni er tækni, sem er notuð í mörgum atvinnugreinum, sem margar hverjar tilheyra ekki iðnaðinum.

Virðingarfyllst



Júlíus B. Kristinsson  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1733  
komudagur 9.4.2002



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um líftækniíðnað


Reykjavík, 7. apríl 2002.

Undirritaður hefur yfirfarið ofangreint frumvarp f.h. Prokaria ehf og telur að hér sé um tímabært og þarft mál að ræða. Afmörkun á gildissviði frumvarpsins er eðlileg og skynsamleg, þ.e. að miða fyrst og fremst við atvinnustarfsemi og rannsóknir og sýnatökur sem beint tengist slíkri starfsemi.

Lengi hefur verið þörf á að skýra stjórnsýslulega hýsingu líftækniíðnaðarins og augljóst er að hagsmunum þessarar nýju, en ört vaxandi atvinnugreinar, er best borgið innan íðnaðarráðuneytis, m.v. núverandi skipulag stjórnsýslunnar. Samþykkt þessa frumvarps yrði því fyrsta aðgerð stjórnvalda til að byggja upp almennan lagaramma um þessa grein. Jafnframt mun það væntanlega leiða til þess að bæði heildaruppbygging greinarinnar, og opinberar stuðningsaðgerðir verði mun markvissari og öflugri en hingað til.

Því styðjum við að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. Prokaria ehf.,



Jakob K. Kristjánsson,  
forstjóri



Alþingi - skrifstofa  
Nefndasvið  
v. Austurvöll  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. 04 2002  
R020081/115  
VL/ev

**Efni: Frumvarp til laga um líftækniönað, 548. mál, umsögn Rannsóknarráðs Íslands**

Vísað er til bréfs nefndasvið Alþingis með beiðni um umsögn um ofangreint mál. Undirrituðum hefur verið falið að ganga frá umsögn eftir umræðu í ráðinu á fundi þess 3. apríl s.l.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á síðasta þingi og veitti Rannsóknarráð þá umsögn. Frumvarpið hefur tekið miklum breytingum og virðist ekki jafn íþyngjandi fyrir rannsóknastarfseminu í landinu og hið fyrra var þar sem það virðist eingöngu ná til fyrirtækja á sviði líftækni en ekki til annarra rannsóknaaðila. Á hinn bóginn vaknar þá spurning um tilgang þessarar lagasetningar. Er verið að setja afar sértæka löggjöf um afmarkaðan þátt í starfsemi líftækniönaðar eða er verið að setja lög með þann almenna tilgang að verja þjóðréttarlega ráðstöfunarrétt Íslendinga á erfðaauðlindum í náttúru Íslands í anda Ríó-sáttmála á grundvelli upprunavottunar? Hið fyrra virðist varla nauðsynlegt og hið síðara yrði varla tryggt með frumvarpinu í þessum búningi. Frumvarpið er að mati Rannsóknarráðs að þessu leyti mjög gallað og þyrfti vandaðri undirbúning.

Tilgangur lagafrumvarpsins kemur ekki glögglega fram, hvorki í upphafsgrein né í skýringum. Þá eru skilgreiningar nokkuð á reiki og gildissvið frumvarpsins að því leiti ekki nógu ljóst. Úr þessu þyrfti að bæta. Sé tilgangurinn að vernda þjóðréttarleg yfirráð yfir erfðaauðlindum Íslands mætti hugsanlega orða það þannig í upphafsgrein laganna: *Tilgangur laga þessara er að verja þjóðréttarlega ráðstöfunarrétt Íslendinga á erfðaauðlindum í náttúru Íslands innan efnahagslögsögunnar í samræmi við ákvæði Ríó- sáttmála og jafnframt að tryggja réttarstöðu þeirra sem teljast geta átt hagsmuni byggða á eignarrétti á þeim lífverum sem erfðaeefnið (erfðaauðlindin) er komið úr.*

Þá er óbeinn tilgangur frumvarpsins að tryggja skipulega nýtingu erfðaauðlinda og vernda hagsmuni þeirra sem fá heimild til að nýta erfðaeefni úr þeim og markaðssetja alþjóðlega þar sem búast má við að vottun á uppruna erfðaefnisins verði mikilvægt atriði. Þetta atriði þyrfti ekki endilega að koma fram í sjálfum lögnum en mætti fylgja lögskýringum.

Í fyrstu grein frumvarpsins er tekið fram að lögin taki til *“líftækniönaðar sem er atvinnustarfsemi er byggist á líffræðilegum erfðaauðlindum og notkun líftækni. Starfsemin felur í sér sýnatöku og rannsóknir á erfðaeefni úr lífverum í náttúru Íslands og nýtingu*



**erfðaefnis eða einstakra efnasambanda úr þeim í atvinnuskyni samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga**”. Hér er óheppilega og nokkuð ruglingslega blandað saman ófullkominni skilgreiningu á líftækniönaði sem atvinnustarfsemi annarsvegar og hins vegar gildssviði laganna að því er varðar sýnatökur og rannsóknir á erfðaefni úr lífverum í náttúru Íslands. Spurningin sem vaknar er því eftirfarandi: Takmarkast gildissvið laganna við **líftækniönaðinn sem slíkan, þ.e. fyrirtæki í líftækniönaði**, - eða eiga þau gilda um alla aðra aðila, s.s. **stofnanir, háskóla eða einstaklinga** sem ekki teljast til líftækniönaðar en kunna að afla sér sýna til rannsókna og greiningar á erfðaefni til rannsókna, - hugsanlega, - en þó ekki nauðsynlega, **í þeim tilgangi að þróa nýjar afurðir eða nýjar framleiðsluaðferðir?** Nafnið á lagafrumvarpinu bendir til hins fyrra en andi (og sennilega óbeinn tilgangur) frumvarpsins bendir til hins síðara.

Til að taka af tvímæli mætti orða 1. eða 2. gr. þannig:

**“Lög þessi taka til starfsemi sem felur í sér sýnatöku og rannsóknir á erfðaefni úr lífverum (í náttúru Íslands) innan efnahagslögsögu landsins, og framkvæmdar eru í þeim tilgangi að nýta erfðaefni eða einstök efnasambönd úr þeim til þróunar á nýjum afurðum, framleiðsluaðferðum eða þjónustu í atvinnuskyni (eða í viðskiptalegum tilgangi)”**

Með þessu yrði gildissviðið nokkuð almennara og næði til allra lögaðila sem taka sýni til rannsókna í umræddur skyni án þess þó að verka íþyngjandi fyrir almennar rannsóknir og grunnrannsóknir. Hitt er augljóslega ávallt verulegt vandamál að sanna fyrirfram hver tilgangur rannsóknar er í huga rannsakandans. Hagnýtingarmöguleikinn kemur oft ekki í ljós fyrr en eftir, þegar framkvæmdar hafa verið umfangsmiklar rannsóknir. Hins vegar ber rannsóknaraðilanum þá væntanlega að sækja um leyfi og upplýsa um uppruna erfðaefnisins enda tryggir hann með því réttarstöðu sína. Af sömu ástæðu verður eftirlitshlutverk ráðuneytisins ávallt miklum vandkvæðum háð og sönnunarbyrði erfið. Þá vakna alvarlegar spurningar um framkvæmd leyfisveitinga á þessu sviði; hvaða forsendur þurfa að liggja til grundvallar leyfisveitingu eða synjun leyfa.


Vakin er athygli á því að samsetta orðasambandið “líffræðilegar erfðaauðlindir” felur í sér óþarfa tvítekingu þar sem erfðaauðlind er samkvæmt skilgreiningu “líffræðileg” í þeim skilningi að erfðaefni er ávallt upprunnið úr lífveru. Ætti því að vera nægilegt að tala um “erfðaauðlindir”.

Rannsóknarráð bendir að lokum á að erfðaauðlindir á Íslandi geta tengst hagsmunasviði landbúnaðar ekki síður en sjávarútvegs eða umhverfismála. Æskilegt er að frágangur frumvarps þessa leiði til farsællar stjórnsýslu í þágu allra þessara hagsmunasviða þótt iðnaðarráðuneyti sé falin stjórnsýsluábyrgð með skýrskotun til markmiða Ríó-sáttmála. Nafngift frumvarpsins **um líftækniönað** bendir til þess að reynt sé að helga rétt iðnaðarráðuneytisins sérstaklega með því að tengja gildissvið laganna við svonefndan líftækniönað þrátt fyrir að áhrifasvið laganna og óbeinn tilgangur þess virðist að öðrum þræði vera að vernda þjóðréttarlegan yfirráðarétt Íslendinga yfir erfðaauðlindum sínum og tryggja skipulega nýtingu þeirra hvort sem þær tengjast hagsmunum eins eða allra hinna hefðbundnu atvinnuvega. Væri þá ekki rétt að breyta nafni laganna í samræmi við þetta og kalla þau **lög um erfðaauðlindir Íslands** og tryggja samráð milli ráðuneyta um

lagasetninguna? Hugsanlega ætti þá að fella fleiri lög um skyld efni byggða á Ríó-sáttmála sem vísað er til í frumvarpinu í einn lagabálk er nái til alls sviðsins.

Rannsóknarráð leggur til að frumvarp þetta verði endurskoðað með hliðsjón af ofangreindum athugasemdum.

Virðingarfyllst  
f.h. Rannsóknarráðs Íslands

  
Vilhjálmur Lúðvíksson



ADALSTÖÐVAR

HEADQUARTERS: KELDNAHOLT, IS-112 REYKJAVÍK, ICELAND

KENNITALA

I.D. no.: 530269-3109

Alþingi

Erindi nr. P 127/1734

komudagur 9.4.2002

SÍMI

TELEPHONE: (354) 577 1010

MYNDSENDIR

TELEFAX: (354) 577 1020

REYKJAVÍK,

8.4.2002

1-062

ÞT/-

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Frumvarp til laga um líftækniiðnað, 548 mál, umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Frumvarpið var áður lagt fram á vörþingi 2001 og hefur tekið nokkrum breytingum en þó ekki veigamiklum. Rannsóknastofnun landbúnaðarins skilaði Alþingi umsögn um fyrri útgáfu frumvarpsins. Þær athugasemdir og áherslur sem stofnunin setti fram endurspeglast ekki í hinni nýju útgáfu í nokkrum veigamikilum atriðum. Til að skerpa á nokkrum þeirra sem stofnunin telur enn í fullu gildi eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við frumvarpið. *Skáletraður, feitletraður* texti er tekinn beint úr frumvarpi. Stofnunin telur jákvætt og tímabært að huga að þeim mikilvægu málum sem frumvarpið fjallar um en telur að æskilegt væri að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu.

#### Notkun hugtaka-skilgreiningar-umfang (í 2.grein og víðar).

Notkun hugtaka í frumvarpinu með þeim hætti að hún skapar óvissu og er því nauðsynlegt að fara nokkrum orðum þar um.

Í frumvarpinu nær hugtakið *líffræðilegar erfðaauðlindir* til allrar lifandi náttúru á Íslandi. Betra væri að tala um erfðalindir þar sem hugtakið erfðir nær eingöngu til lífvera. Vilji menn vitna í auðinn má engu að síður sleppa orðinu *líffræðilegar* sem er tilgangslaust orð í þessu samhengi.

Í skilgreiningum í 2.grein er hnykkt á því að frumvarpið nær till alls lífs á Íslandi að erfðamengi mannsins undanskyldu með setningunni ; “ *Erfðaeefni: Hvers konar efni sem rekja má til jurta, dýra, örvera eða annars uppruna sem hefur að geyma virkar erfðaeiningar.*”. Í 4. grein eru tekin af tvímæli um þennan skilning en þar segir “ *Leyfi iðnaðarráðherra þarf til sýnatöku og rannsókna í atvinnuskyni á líffræðilegum erfðaauðlindum í náttúru Íslands*”. Í næstu málsgrein er sérstaklega tífundað að örverur á jarðhitasvæðum séu innifaldar.

Sá skilningur að frumvarpið nái til allra lífvera á Íslandi er styrktur með þeirri kvöð að álitis Hafrannsóknastofnunar skuli leitað þegar fengist er við lífverur úr hafinu. Þetta stutta frumvarp felur því í sér mikið umboð gagnvart þeim verkefnum sem til þessa hafa verið á forræði hinna atvinnuvegaráðuneytanna tveggja, þ.e.

sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis sem annast stjórnslu varðandi nýtingu lifandi auðlinda lands og sjávar. Ekki hefur verið haft samráð við landbúnaðarráðuneyti við gerð frumvarpsins. Landbúnaðarráðuneyti fer t.d. með framkvæmd laga um yrkisrétt sem er náskýlt því máli sem hér er fjallað um og þyrfti að huga að stjórnslulegri vistun þessa verkefnis með opnum huga.

14. greinin með breytingum á 34. grein laga nr. 57/1998 sem einkum var sett vegna rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum vekur þó upp spurningar um hvort ásetningur frumvarpshöfunda sé jafn víðfeðmur og textinn lýsir. Virðist textinn í athugasemdunum þó styrkja þann skilning að umboðið sé víðfeðmt. Sé hann rangur er brýnt að breyta texta frumvarpsins.

Í lok athugasemda við inngang frumvarpsins er þess getið að fyrirbyggjandi frumvarp sé annað tveggja samstæðra frumvarpa um erfðauðlindir í íslenskri náttúru og vinni umhverfissráðherra nú *“að gerð frumvarps um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt er að gæta vegna nýtingar erfðauðlindanna”*. Við fyrirspurn til um það, hvar sú vinna væri á vegi stödd í umhverfissráðuneyti, fengust þau svör að gerð þess væri í vinnslu. Ljóst er því að samræming á frumvörpunum tveimur því ekki lokið. Af þessari ástæðu er ástæða til að hinkra við og fresta afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar þannig að hægt sé að taka afstöðu til frumvarpanna í samhengi.

### **Athugasemdir –Stjórnslu- Eðli lífrænna auðlinda-skipting hagnaðar**

Í athugasemdum **I, II** og **III** er mikið um ónákvæma notkun hugtaka og fullyrðingar sem þarfnast ítarlegri skýringa. Hvað er átt við með *líftækni, líftækniúnaðurinn í heild, atvinnustarfsemin sjálf, greinin* ofl. Ekki er ætlunin að skrifa hér langan orðskýringartexta en ekki verður hjá því komist að fara um þetta nokkrum orðum.

Líftækni er víðfeðmt hugtak og nær til margvíslegra aðferða í rannsóknum og framleiðslu. Vefjarækt í vírushreinsun kortaflna telst til líftækni, notkun margvíslegra gerla og hvata í úrvinnslu úr fiskislógi telst til líftækni og mjólkuriðnaður og ölgerð byggir á líftækni. Sennilegt er að höfundar frumvarpsins hafi haft **erfðatækni** í huga frekar en líftækni. Erfðatækni í lífvísindum og framleiðslu er grein af líftækni og beinist oft að því að skilgreina gen og afurð þeirra og færa erfðavísana milli tegunda til að hámarka framleiðslu á afurðunum. Fram til loka síðustu aldar hefur þessi erfðatækni einkum beinst að því að koma erfðavísunum sem stýra framleiðslu tiltekins lífefnis í gerla og ná þannig mikilli og öruggri framleiðslu. Framleiðsla insúlíns með aðstoð gerla er dæmi um slíka framleiðslu.

Nú fer vaxandi að nýta æðri lífverur, bæði nytjaplöntur og húsdýr, til framleiðslu lífefna og nefnast slíkar lífverur **erfðabreyttar**. Mikill áhugi er á nýtingu erfðatækni í landbúnaði. Dæmi um hagnýtingu hennar í íslenskum landbúnaði er að nú er hægt að flytja erfðamengi úr annari plöntutegund í kartöfluafrbrigðið Gullauga sem myndi gera það frostþolið og auka ræktunaröryggi þess á Íslandi til mikilla muna. Ástæðan fyrir því að ekki er unnið að þessu verkefni er illa grunduð tortryggni í garð þessarar aðferðafræði sem sett hefur verið í lög og gerir verkefni af þessu tagi mjög óárennilegt. Minni mótstaða virðist gegn því að framleiða erfðabreyttar nytjaplöntur til framleiðslu á verðmætum lífefnum t.d. í þágu heilbrigðis- og lyfjaiðnaðarins og er nú verið að koma á laggirnar sprotafyrirtæki á Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem

beinist að þessu takmarki. -Nýtt íslenskt kornyriki sem kynbætt hefur verið á RALA verður erfðabreytt og notað til framleiðslu dýrra lífefna.

## Um stjórnsýsluna

Hvers vegna er *brýnt að líftækniíðnaðurinn* (og rannsóknirnar) *lúti eftirliti iðnaðarráðherra og að sækja þurfi um viðeigandi* (hverskonar leyfi ?) *leyfi til iðnaðarráðherra*? Hér vantar alveg rökstuðninginn. Sömuleiðis segir að *eðlilegt sé að iðnaðarráðuneyti fari með þann þátt sem snýr að nýtingu þessara auðlinda* (lífríkið). Af hverju er það eðlilegt?

Verkaskipting milli atvinnuvegaráðuneytanna hefur almennt verið skilin á þann veg að sjávarútvegráðuneytið annast rannsóknir, stefnumörkun og stjórn á nýtingu á lífríki sjávar með sjálfbærni að leiðarljósi. Landbúnaðarráðuneyti annast með hliðstæðum hætti forystu í rannsóknum, þróun og stefnumörkun sem lýtur að sjálfbærri nýtingu á lífríki á landi. Á þessu eru að vísu nokkrar sérkennilegar undanþágur. Hreindýr voru flutt til landsins á nítjándu öld til landnýtingar (landbúnaðar) en ráfuðu um menntamálaráðuneytið áratugum saman. Við tilkomu umhverfisráðuneytis fluttust þau þangað ásamt þeim kvikindum sem undir veiðistjóraembættið heyrir sem áður var hluti af stjórnsýsluverkefnum landbúnaðarráðuneytis. Viðgangur þessara dýra og afrakstur þeirra er háð ástandi gróðurlendanna en nýting þeirra er undir stjórn landbúnaðarráðuneytis. Lífríki í ferskvatni og nýting þess heyrir undir landbúnaðarráðuneyti (Veiðimálastofnun).

Meðan stjórnsýsla varðandi atvinnuvegina er með þeim hætti sem nú er virðist mun rökrænna að málefni sem lúta að notkun lífríkis á landi séu undir leiðsögn landbúnaðarráðuneytis frekar en iðnaðarráðuneytis og mun svo vera í flestum nágrannalöndum vorum. Þetta mál þyrfti að ræðast ráðuneytanna í millum.

Rökstyðja þarf þörfina fyrir sérstaka lagasetningu sem felur í sér margvíslega skriffinnsku og annan kostnað við leyfisveitingu sem tengist beitingu á því sem kallast líftækni í rannsóknum og notkun á lífríki landsins í atvinnuskyni. Þarf slíkan umbúnað um t.d. mjólkuriðnaðinn, ölgerð, fóðuriðnað og fleira? Allt atvinnulíf fellur undir almenn lög sem lúta að öryggi á vinnustöðum, heilbrigðiseftirlit ofl. Atvinnustarfsemi sem byggir á erfðatækni hefur ekki þá sérstöðu að þörf sé á lagasetningu sem beinist að aðferðinni eins og hér er gert. Niðurstöður rannsóknna-og þróunarstarfsemi þar sem erfðatækni er beitt verða að langmestu leiti varðar á grundvelli laga um einkaleyfi og yrkisrétt.

Eins og getið er í upphafi þessarrar umsagnar er brýnt að Íslendingar hugi að almennri lagaumgjörð í tengslum við rétt þjóðarinnar og skyldur hennar gagnvart því lífríki sem hér er að finna. Er það í samræmi við **Sáttmálann um líffræðilega fjölbreytni** sem Ísland hefur staðfest.


Það er algengur misskilningur hér á landi að sá sáttmáli fjalli einkum um vernd lífríkisins. Vernd er vissulega hluti hans en mun meiri áhersla er á sjálfbæra nýtingu fjölbreytileikans og sanngjarna skiptingu þess hagnaðar sem af slíkri nýtingu hlýst. Leiðin að því markmiði er sú niðurstaða að þjóðirnar teljist eiga lífríki í sínum löndum og skuli setja sér löggjöf sem staðfesti þá eign og hvernig með hana skuli farið. Fyrir

daga samningsins taldist erfðamengi heimsins sameign mannkyns en slík afstaða þótti ekki til þess fallin að nýting lífríkisins væri sjálfbær.

Af ofangreindum ástæðum eru landbúnaðarráðuneyti áberandi í útfærslu samningsins í flestum löndum og í alþjóðlegri samræmingu. Má sem dæmi nefna mikið starf á vegum FAO að þessum málaflokki. Oft koma umhverfisráðuneyti að þessu starfi en nýtingin heyrir að jafnaði undir landbúnaðarráðuneytin. Í landbúnaðarráðuneytinu hefur verið unnið að lagasetningu um varðveislu fjölbreytileikans í íslenskum erfðalindum og ráðuneytið tekur virkan þátt í norrænni stefnumörkun á þessu sviði.

Að þessum þáttum þarf að huga þegar stjórnýslu af þeim toga sem hér um ræðir er komið fyrir í stjórnarráðinu án þess þó að stofnunin taki beina afstöðu til þess, hvar í kerfinu slíku forræði verði fyrir komið.

Með þessari umsögn fylgir samantekt sem Sigríður Norðmann, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, hefur tekið saman um stöðu lagasetningar sem lýtur að rétti til erfðalinda vegna norræns samstarfs á þessu sviði.

Virðingarfyllt,  
  
Þorsteinn Tómasson  
-forstjóri-

**A. Alþjóðlegir samningar um erfðaauðlindir úr dýrum og plöntum sem Ísland er aðili að.**

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni, TRIPS-samningurinn og WIPO-samningurinn hafa allir verið fullgiltir af Íslandi sem hefur þá þýðingu að íslenska ríkið er bundið þjóðréttarlegum skuldbindingum gagnvart alþjóðasamfélaginu að haga löggjöf sinni í samræmi við efni þeirra. Samningunum hefur hins vegar ekki verið veitt lagagildi og hafa þeir því ekki bindandi gildi að landsrétti. Í samræmi við viðurkenndar lögskýringarreglur ber hins vegar að skýra íslensk lög eins og kostur er í samræmi við efni samninganna og telst efni þeirra hluti af landsrétti á Íslandi að svo miklu leyti sem það gengur ekki í berhögg við íslensk lög. FAO-samningurinn sem var undirritaður í nóvember 2001 hefur enn ekki verið fullgiltur af Íslandi. Stefnt er það því að tekin verði ákvörðun um fullgildingu hans á næstu mánuðum.

**B. Íslensk löggjöf um erfðaauðlindir úr dýrum og plöntum og fyrirhugaðar breytingar á íslenskum lögum.**

Í íslenskri löggjöf eru engin heildstæð eða almenn ákvæði um eignarrétt eða rétt til hagnýtingar á erfðaauðlindum úr dýrum og plöntum, m.a. engin ákvæði um fullveldisrétt íslenska ríkisins yfir erfðaauðlindum, hvaða aðilar hafi rétt til hagnýtingar erfðaauðlinda (ríkið, landeigendur, einstaklingar, lögaðilar), í hvaða tilgangi er slík nýting heimil (hagrænum, vísindalegum eða öðrum tilgangi), hverjir hafi heimildir til að ráðstafa auðlindunum til annarra ríkja, einstaklinga eða lögaðila, hvort önnur ríki eigi rétt til hagnýtingar erfðaauðlinda hér á landi, flutning erfðaauðlinda til og frá Íslandi, um bóta- eða tryggingaskyldu vegna mögulegs tjóns af hagnýtingu, vinnslu eða breytingu á erfðaauðlindum, refsingar og önnur viðurlög við brotum á slíkum reglum o.s.frv.

Einnig er ekki ljóst hvaða ráðuneyti á Íslandi fer með málefni er varða erfðaauðlindir úr dýrum og plöntum m.a. er ekki leyst úr því í reglugerð nr. 96/1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem sett er með stoð í lögum nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands.

Í íslenskri löggjöf eru einungis til dreifð ákvæði um afmörkuð álitafni tengd erfðaauðlindum úr dýrum og plöntum og hagnýtingu þeirra en ákvæðin eru m.a.:

1. Lög nr. 58/2000 um yrkisrétt sem fjalla um vernd plöntunýjunga voru lögfest vegna þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) en ákvæðin sem þetta varða eru í 1. viðauka C, þ.e. samningnum um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS). Jafnframt voru lög nr. 58/2000 samin með tilliti til þess að þau samræmist alþjóðlegum samningi um vernd nýrra yrkja, UPOV-samningnum sem gerður var í París 1961 en hefur verið endurskoðaður nokkrum sinnum. Ísland hefur ekki enn fullgilt samninginn. Samkvæmt lögum nr. 58/2000 getur yrki, sem er nýtt og af hvaða plöntutegund sem er, að uppfylltum vissum skilyrðum fengið vernd í allt að 25 ár samkvæmt lögnum. Skal það þá skráð í yrkisréttarskrá og tilkynning um það birt í Lögbirtingablaði. Yrkisréttarnefnd annast skráningu

yrkja en hún er skipuð af landbúnaðarráðherra sem fer með framkvæmd laganna. Aðalefni yrkisréttarins er að hann veitir yrkishafa einkarétt til ræktunar, meðferðar og verslunar með efnivið til fjölgunar yrkisins með ákveðnum undantekningum. Hér er ekki um að ræða einkaleyfisvernd enda var það skilyrði í UPOV-samningnum að einkaleyfisvernd yrði ekki veitt á þessu sama sviði heldur væri þetta verndarform það eina sem í boði væri fyrir kynbætur plantna og afurðir þeirra. Lögin heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

2. Búnaðarlög nr. 70/1998. Meginmarkmið laganna er verndun erfðaauðlinda í íslenskum landbúnaði auk þess að stuðla að framförum í búvöruframleiðslu og að auka samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar. Í lögnum er lögð áhersla á að við framkvæmd laganna verði tekið mið af skuldbindingum Íslands um líffræðilega fjölbreytni. Lögin heyra undir landbúnaðarráðuneytið.
3. Lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Samkvæmt 34. gr. laganna taka þau eftir því sem við á til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Rannsóknir og nýting örvera á jarðhitasvæðum er óheimil án leyfis iðnaðarráðherra samkvæmt lögnum en leyfi samkvæmt ákvæðinu skal veitt að höfðu samráði við umhverfisráðherra. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. skyldi endurskoða þetta ákvæði fyrir 1. janúar 2001, sbr. umfjöllun hér á eftir um frumvarp til laga um líftækni iðnað hér á eftir. Lögin heyra undir iðnaðarráðuneytið.
4. Lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur hafa það að markmiði að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Lögin taka til allrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þ.m.t. rannsókna, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun úrgangs, sleppinga og dreifingar, eftirlits með athafnasvæðum, innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar, flutnings á sjó og landi o.fl. Lögin heyra undir umhverfisráðuneytið.
5. Lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur en meginverkefni samkvæmt lögnum eru vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna er óheimilt að flytja úr landi náttúrugripi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni. Sama gildir um örverur sem eiga uppruna sinn á jarðhitasvæðum og erfðaefni þeirra. Lögin heyra undir umhverfisráðuneytið.
6. Lög nr. 17/1991 um einkaleyfi sem fjalla um veitingu einkaleyfa fyrir uppfinningum. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna er ekki heimilt að veita einkaleyfi fyrir m.a. plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða. Sjá einnig lög nr. 58/2000 hér að framan. Lögin heyra undir iðnaðarráðuneytið..
7. Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra hafa m.a. að geyma ákvæði um innflutning og nýtingu erfðaefnis úr dýrum og eru takmarkanir þær sem lögin setja við slíkum innflutningi bæði byggðar á sjúkdómavörnum og einnig á erfðafræðilegum rökum. Lögin heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Fyrir Alþingi Íslendinga 127. löggjafarþingi 2001-2002 liggur nú frumvarp til laga um líftækni iðnað og fjallar um atvinnustarfsemi sem byggist á erfðaauðlindum og notkun líftækni en lögin taka þó ekki til lífsýna úr vefjum manna eða almennra náttúrufræðilegra rannsókna. Frumvarpið hefur að geyma reglur um stjórnslu og eftirlit með líftækni iðnaði en er ekki ætlað að vera heildstæð löggjöf á sviði líftækni. Einnig felur frumvarpið í sér endurskoðun á 34.



gr. laga nr. 57/1998, sbr. umfjöllun hér að framan í 6). Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sækja þurfi um leyfi til iðnaðarráðherra til rannsókna og nýtingar á þeim erfðaauðlindum sem frumvarpið fjallar um og að þessi málaflokkur heyri undir iðnaðarráðuneytið. Jafnframt er gert ráð fyrir að umhverfissráðuneytið farið áfram með þann þátt sem lýtur að vernd auðlinda í þessum iðnaði. Frumvarpið er annað tveggja samstæðra frumvarpa um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru. Á vegum umhverfissráðuneytisins er nú unnið að gerð frumvarps um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt er að gæta við nýtingu erfðaauðlindanna. Um er að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem gert er ráð fyrir að bætt verði við lögin sérstökum kafla um vernd náttúruauðlinda sem nær yfir lífverur og erfðaeftni þeirra að undanskildum manningum. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi 2001-2002. Bæði frumvörpin eru liður í að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir með fullgildingunni samningsins um líffræðilega fjölbreytni, sbr. umfjöllun í A.

Einnig liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til laga um stofnun nýrrar stofnunar, Umhverfisstofnunar en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrjár stofnanir og tvær fastanefndir sem heyra undir umhverfissráðuneytið verði þar sameinaðar í eina stjórnsýslustofnun. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmd og stjórnsýsla samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni verði vistuð hjá þeirri stofnun.

Þá liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum nr. 70/1998 sem felur í sér að breytt er hlutverki og skipan erfðanefndar búfjár sem starfar á grundvelli laganna. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögnum eins og þau eru í dag er að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum og að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk nefndarinnar aukist og að hún fjalli um varðveislu erfðaauðlinda í landbúnaði á breiðum grundvelli, þ.e. fjalli um húsdýr, nytjajurtir og tré. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipan nefndarinnar breytist í samræmi við það, þ.e. að Skógrækt ríkisins fái fulltrúa í nefndina og að umhverfissráðuneyti tilnefni fulltrúa í nefndina í stað Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### **C. Samstarf innanlands um erfðaauðlindir og líffræðilegan fjölbreytileika.**

Á vegum umhverfissráðuneytisins er starfandi sérstök nefnd, Samstarfsnefnd um líffræðilegan fjölbreytileika sem skipuð er fulltrúum frá landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, umhverfissráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur til umhverfissráðuneytisins um þátttöku í þróun samningsins um líffræðilega fjölbreytni og áherslur íslenskra stjórnvalda í því sambandi. Einnig skal nefndin fylgjast með umræðum og tillögugerð innan samningsins og gera tillögur um afstöðu íslenskra stjórnvalda til þeirra. Þá er hlutverk hennar enn fremur fólgið í að gera tillögur um nauðsynlega þátttöku í alþjóðlegu starfi sem tengist samningnum og að fara yfir ákvarðanir sem teknar eru innan samningsins svo og að gera tillögur um hvernig þeim verði framfylgt hér á landi.



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1815  
komudagur 10. 4. 2002

## Umsögn

um frv. til l. um líftækniíðnað, 548. mál.

### Frá umhverfisnefnd

Nefndin hefur fjallað um málið í samræmi við bréf iðnaðarnefndar frá 21. f.m. og gerir ekki efnislegar athugasemdir við málið.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þetta frumvarp sé annað tveggja samstæðra frumvarpa um erfðaauðlindir í íslenskri náttúru. Á vegum umhverfisráðherra er nú verið að vinna frumvarp um breytingar á lögum um náttúruvernd sem fjallar um þau verndarviðmið sem nauðsynlegt er að gæta við nýtingu erfðaauðlinda. Eðlilegt væri að nefnt frumvarp umhverfisráðherra væri til umfjöllunar samhliða frumvarpi um líftækniíðnað. Nefndin fer því þess á leit að iðnaðarnefnd afgreiði málið ekki á þessu þingi þannig að hægt sé að ræða þessi skyldu mál í eðlilegu samhengi á næsta löggjafarþingi.

Alþingi, 10. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form.  
Kristján Pálsson.  
Þórunn Sveinbjarnardóttir.  
Katrín Fjeldsted.  
Jóhann Ársælsson.  
Gunnar Birgisson.  
Kolbrún Halldórsdóttir.  
Ásta Möller.

UMHVERFISNEFND